ÍSLENSKUR TOPPFÓTBOLTI

Stjórnarfundur ÍTF 22. maí 2026

Mættir fulltrúar: Heimir Fannar, Ólafur, Guðbjörg, Baldur, Davíð, Samúel og Heimir á Teams.
Fjarrverandi:

Ritari: Birgir framkvæmdastjóri ÍTF.

Fundur settur kl 11:30

Fyrir var tekið:

1. **Nýr samningur við SÝN**
    a. Uppgjörið er í takti við áætlun. Tekjur eru töluvert hærri þar sem þær voru greiddar í lok júní en gert ráð fyrir þeim í júlí mánuði. Handbært fé samtakana er í kringum 90 m.kr og eru markaðstekjur tæpum 4 m.kr yfir áætlun.
    b. Ekki er búið að gjaldfæra húsaleigu til KSÍ þar sem beðið er eftir samningi KSÍ þess efnis.
    c. Framleiðslukostnaður er töluvert yfir áætlun í dag en það er vegna þess að búið er að greiða fyrir framleiðsluna fyrirfram ólíkt fyrri ár. Við það fékkst betra verð og ætti að leiða til lægri framleiðsluskostnaðar í heild sinni. Einnig hafa sum félög fjárfest í Spiideo myndavélum sem ÍTF greiddi fyrir en félögin munu greiða fyrir þær vélar í uppgjöri sínu við ÍTF.
2. **Deildir ÍTF og fréttir**
    a. **Mæting** ÍTF endurnýjaði samning sinn við Deloitte á dögunum til 3 ára en mikil ánægja er hjá Deloitte með samstarfið og þann sýnileika sem þau fá á miðlum ÍTF. Að sama skapi er samstarf ÍTF við Deloitte mjög gott en Deloitte hefur séð um bókhald og uppgjör ÍTF frá stofnun þess.
    b. **Vinna hafin að finna nýjan samstarfsaðila –** Birgir og Björn hafa hafið samtöl við fyrirtæki sem hafa lýst yfir áhuga á því að koma að Bestu deildinni.
    c. **Ný könnun frá Gallup:** Við höfum framlegt samstarf okkar við Gallup sem hefur undanfarin 3 ár gert könnun meðal almennings á sýnileika Bestu deildar. Könnunin hefur nýst okkur við að kortleggja áhuga Íslendinga á fótbolta og deildum ÍTF sérstaklega. Stefnt er að því í ár að senda út sérstaka könnun á þeim sem mæta á völlinn og bera saman félögin í leikdagsupplifun gesta og áhorfenda.
    d. **Leikmannaspjöld –** Höfum verið að funda með aðilum sem hafa lýst yfir áhuga á því að koma leikmannaspjöldunum aftur í loftið. Munum upplýsa stjórn um næstu skref.
    e. **Treyjudagur SKB og ÍTF/KSÍ –** Þann 4. September verður haldinn í fyrsta skiptið Treyjudagurinn í samstarfi við Börn með krabbamein. Dagurinn er þekkur erlendis og er ætlaður að auka sýnileika samtakana „Börn með krabbamein“ sem áður hétu SKB. Leikmenn í Bestu deild karla og kvenna munu ganga inn á völlinn í sínum uppáhalds treyjum í umferðunum 29. og 30. ágúst.
3. **Verkefni ÍTF**

a. Samstarfssamningur ÍTF og KSÍ er enn óklárаður. Málið er statt á sama stað en tveir fundir hafa verið haldnir á milli formanna og framkvæmdastjóra KSÍ og ÍTF. Unnið er að því að klára húsaleigusamning á milli ÍTF og KSÍ og er sú vinna á lokametrunum.
b. Beiðni hefur borist frá KSÍ að ÍTF greiði fyrir 4.dómara sem eru rúmar 10.mkr á ári. Málið hefur ekki fengið neina formlega umræðu innan raða aðildarfélaga ÍTF og hefur ÍTF lagt til að þetta verður hluti af samstarfssamningi milli ÍTF og KSÍ. Húsaleiga, vinnuframlag og kostnaður verður framlag ÍTF inn í þann samning.
c. Mótamál í haust og vetur. KSÍ sendi könnun á aðildarfélög en í dag eiga 3 félög eftir að svara. Fundur er með Birki mótastjóra í næstu viku en tillaga ÍTF sem send var á mótanefnd í júlí hefur ekki fengið formlega umfjöllun.
d. Solidarity greiðslur í Lengjudeild – KSÍ er að vinna að því að breyta eða uppfæra leyfisreglur vegna solidarity á þann veg að ÍTF greiði hlut BD félaga af öðrum réttindatekjum. Það er gert til að einfalda ferlið. Klára þarf þó samning á milli félaga í Bestu deild og Lengjudeild um sameiginleg markmið.

4. Önnur mál

a. **Treyjudagur með SKB –**
b. **Lengjudeild –**
c. **Bikarúrslit karla og kvenna**
d. **Landsleikjahlé (20. sept – 6.okt)**

Ekki fleira rætt og fundi slitið 13:40